

KJARVAL

40% afsláttur

móar
KJUKLINGUR
599 KR. KG.
Móa kjúklingur ferskur

4 stk í pk

499 KR. PK.
Grillborgarar með brauði

25% afsláttur

GODI
974 KR. KG.
Goða 1/2 lambaskrokkur

898 KR. KG.
GLK Ysubitar roð og beinlaust

998 KR. KG.
Ysurúllur fylltar 3 tegundir

139 KR. STK.
Fanta appelsín

119 KR. STL.
Lif appelsínu safi

299 KR. PK.
Pizzaostur

249 KR. STL.
Myllu heimilisbrauð

399 KR. KG.
Iceberg Jöklasalat

249 KR. KG.
Appelsínur

399 KR. STL.
Home plus sokkar 31-43

- Þín tilboð í Kjarval -

ÖLL VERD ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLU OG/EDA MYNDABREYGL.

VITINN

ÚTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

SMÁAUGLYSINGAR



MÝRDA OG A-EYJFJÖLLUM

Aðalfundur Samherja verður haldinn í Leikskálum 6 mars kl.15
Venjuleg aðalfundarstörf.
Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin

Ef hún góa öll er góð,
að því gæti mengi,
þá mun harpa, hennar jóð,
herða á mjóa strengi.
Höfundur: Niels Jónsson, skáldi f. 1782 - d.1857

Ef hún góa öll er góð
öldin skal það muna
þá mun harpa hennar jóð
herða veðrátta
höf. ókunnur

**Bænastund í
Minningarkapellu
sr. Jóns Steingrímssonar.**

Alla miðvikudaga kl. 17.00.
Tekið er á móti fyrirbænaefnum
í síma 849-7549.

AÐALFUNDUR UMF KÖTLU

verður haldinn á Ströndinni
fimmtudagskvöldið 5 mars kl. 20,00'
venjuleg aðalfundarstörf
Stjórnin

Kirkjuskólinn í Mýrdal

Minni á samveru Kirkjuskólans
næsta laugardag kl. 11:15-12:00
í grunnskóla Mýrdalshrepps.
Brúður koma í heimsókn.

Sóknarprestur

málsháttur vikunnar
BETRI ER HÁLFUR SKAÐI EN ALLUR

VITINN á www.sudurland.net

9. TBL. 13. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 25. FEBRÚAR 2009



I. Vetrarmót Hestamannafélagsins Sindra

verður haldið á Reiðvellinum í Vík laugardaginn 28. febrúar kl 14:00
Skráning á staðnum frá kl 13:00 og einnig á netfangið
solheimar2@simnet.is fram að helgi.

Keppt verður í polla- barna- unglinga- kvenna- og karlaflokki.
Ekki ER hægt að keppa á sama hestinum nema í einum flokk.
Allar nánari upplýsingar á www.123.is/sindri

Mótanefnd.

PS. Munið aðalfund Sindra á föstudag kl 20:30 á Hótel Vík

Upplýsingar á vefnum www.myrdalur.is.

Á næstunni mun birtast á www.myrdalur.is kynningarefni það frá Vegagerðinni og Siglingastofnun sem fram kom á íbúafundinum í Vík, sem haldinn var þann 12. febrúar s.l. Aðrar upplýsingar vegna væntanlegrar skipulagstillögu verða birtar þegar þær verða gerðar opinberar. Stöðugt bætist við efni inn á vefinn, greinarskrif og ýmis fróðleikur, og eru lesendur hvattir til að líta reglulega inn á vefinn.

F.h. samtaka íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal
Kjartan Jónsson

Kirkjubæjarklaustursprestakall

Sunnudagur 1. mars 2009

Sunnudagaskóli í Minningarkapellu sr. Jóns Steingrímssonar kl. 11.00.

Guðsþjónusta í Grafarkirkju kl. 14.00. Ásakórinn leiðir söng undir stjórn
Brians Rogers Haroldssonar. Sónarprestur.

19.02.2009

"Búast við auknu sandfoki"

er yfirskrift á grein eftir Helga Bjarnason í Morgunblaðinu sl. fimmtudag.

Vegna landbrots í Víkurfjöru færast sjórinntú metra í átt að húsum í Víkurþorpi á ári Styttist í íþróttavöllinn

ÍBÚAR í Vík í Mýrdal mega búast við auknum ágangi sands á næstu misserum með tilheyrandi tjóni á mannvirkjum og óþægindum. Að óbreyttu mun sjórinn brj...

Varnir Landgræðslan lét í gær aka grófri mól í skörð í fjöruborðinu til að hefta sandfok inn í þéttbýlið.

ÍBÚAR í Vík í Mýrdal mega búast við auknum ágangi sands á næstu misserum með tilheyrandi tjóni á mannvirkjum og óþægindum. Að óbreyttu mun sjórinn brjóta sér leið að íþróttavellinum eftir nokkur ár.

Landrof hefur verið mikið í Víkurfjöru síðustu áratugi vegna ágangs sjávar. Rofið hefur að jafnaði verði 8-10 metrar á ári sem er með því mesta sem þekkt á jörðinni. Landgræðslan hefur unnið mikið að uppgræðslu til að hefta sandfok og lagt tugi milljóna í það.

Í minnisblaði sem Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri og Gústav Ásbjörnsson héraðsfulltrúi tóku saman fyrir sveitarstjórnina eru ítrekaðar viðvaranir Landgræðslunnar vegna sandfokshættu í Vík.

Fjöruborðið er að nálgast flóðvarnagarðinn

sem byggður var 1995 og þegar skörð koma í hann verður fátt um varnir. Fram kemur að vegna þess hversu lítið landrými er orðið eftir á milli fjöru og byggðar sé nær ógerlegt að koma í veg fyrir sandfok inn í byggðina.

Sandfok var síðast í Víkurþorpi sl. þriðjudagskvöld. "Það er eins og að vera í sandstormi á Mýrdalssandi, þegar þetta gengur yfir. Maður getur ekkert gert," segir Bryndís F. Harðardóttir sem býr við neðstu götuna í Vík. Hún segir að sandurinn smjúgi alls staðar inn. Þrifa þurfi húsið og umhverfið og mála árlega.

Unnið hefur verið að undirbúningi sjóvarna. Til hefur staðið að verjast sjónum við svokallaðan flóðvarnagarð sem er skammt sunnan við þorpið. Margir íbúar vilja verjast sunnar, í núverandi fjöruborði, og eiga meira svæði til að stoppa sandinn. Einnig hefur umræða um lagningu nýs vegar um Mýrdal áhrif því mikill fjöldi íbúa Víkur vill færa veginn í fjöruna. Ekki verður nægilegt pláss fyrir veginn ef sjóvarnagarðurinn verður byggður samkvæmt núverandi áætlunum. Áformað var að hefja framkvæmdir í ár en ekki fékkst fjárveiting. Sveinn Pálsson sveitarstjóri segir það slæmt. Tekin sé viss áhætta með því að fresta framkvæmdum því þótt landbrotið sé 8-10 metrar að meðaltali á ári geti komið stór áföll við vissar aðstæður. Vonast hann til að fjárveiting fái til að byrja á næsta ári.



Mól keyrð í fjöruna

Víkurkirkja í Mýrdal

Guðsþjónusta verður í Víkurkirkju á Æskulýðsdegi Þjóðkirkjunnar nk. sunnudag, **1. mars 2009 kl. 14:00.**

Allur tónlistarflutningur í höndum nemenda og kennara á gospel námskeiði í Vík sem Óskar Einarsson tónlistarmaður stjórnar.

Fjölmönnum til guðsþjónustu og tókum virkan þátt.

Öll fermingarbörn og foreldrar í Mýrdal sérstaklega hvött til að mæta.

Sóknarprestur



Deildarfundur Sláturfélags Suðurlands

Sameiginlegur deildarfundur Álftavers-og Meðallandsdeildar, Skaftártungudeildar, Kirkjubæjardeildar, Hörgslandsdeildar og Örafadeildar verður haldinn að Hótel Kirkjubæjarklaustri **miðvikudaginn 4. mars nk. kl. 20:30.**

Hefðbundin störf deildarfundar.

Steinþór Skúlason forstjóri mætir á fundinn.

Félagsmenn allra deilda eru hvattir til að mæta.

Deildarstjórar



Sveitarstjórn Mýrdalshrepps

er boðuð til fundar fimmtudaginn 26. febrúar 2009 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík. Dagskrá fundarins má finna á auglýsingatöflu í anddyri skrifstofunnar og á vef Mýrdalshrepps www.vik.is

Sveitarstjóri

Lífrikisspiru-lofsöngur 2. vers.

Lag. Á Hóli var bóndi sem hét bara Jón

Dyrhólaóssinn er djásn okkar heitt.
Dýrðina stöndum við vörð um.
Alls ekki ætlum að ræða'um það neitt
að eytt hafi Mýrdælskum jörðum.
Hæ, hæ, og hó, brýtur úr börðum.
Að endingu höfum við Ós út í eitt
Ofan frá Giljum að Görðum.

RR.

Framhald í næsta blaði.

Til athugunar:

Hvernig væri að fá fræðimann til þess að skrá sögu Dyrhólaóss, og umhverfis, svo langt sem heimildir ná.? Bera saman fyrstu og síðustu loftmyndir af Ósnum og umhverfi?. Gæti það ekki verið góð sátt að leggja veginn sem næst, undir og á Ósbökkunum. Og marka þannig Ósnum og gróðurlendinu ákveðin mörk til fram-búðar.? Skerða sem minnst og vernda sem mest af gróðurlendi.?

Það land sem færir undir vegstæði núna, yrði horfið í Ósinn fáum árum síðar hvort sem er,ef ekkert yrði gert. Engum til góðs, en landeigen-

dum til tjóns. Þetta land yrði sem sagt óaf-turkraeft, sem er tískuorð í dag.

Þarna gæti verið fagurt vegstæði með fögru og víðu útsýni án þess að spilla í nokkru lífríkinu. Vegfarendum og Mýrdælingum til gleði, gagns, og sóma.

Við sem eigum lögheimili í Mýrdalnum, ættum að vita hvað okkur og niðjum okkar er fyrir bestu og fá þá að kjósa, einir, um lausnir á lýðræðislegan hátt. En ekki einhverjar "lífríkisspíru", sem smalað er saman og telja sig þurfa að hafa vit fyrir okkur, og viti allt betur en heimafólk. Gera í raun ekki annað en að ala á óeiningu og sundrun og reyna að telja landsmönnum trú um að heimafólk hér sé að búa til umhverfisslys. Leyfið okkur að gera í friði tillögu um nýtt vegstæði eins og lög mæla fyrir í skipulagi og eins og við teljum að það þjóni best okkar þörfum og veg-farendum, til framtíðar. Síðan er það verkefni Umhverfissráðs, Skipulagsstofnunar, Vegagerðar, Siglingastofnunar og fleiri aðila að fjalla um þær tillögur. Samræma ólík sjónarmið, og útfæra eftir nánari rannsóknir. Hitt er svo annað mál að það eru litlar líkur til að vegur og göng verði komin til framkvæmda fyrr en eftir 15-20 ár. En við erum þá búin að skila okkar heimavinnu, sem beðið er eftir. Höfum síðan nægan tíma til þess að karpa um málefnið á öðrum meðferðarstigum.

Reynir Ragnarsson.

Jæja þá er komið að 4 og síðasta kvöldinu.

Eins og undanfarin kvöld ætlum við að vera á Halldórskaffi **fimmtudaginn 26. feb. kl 19:50.**

Fyrsta kvöldið spilum við á 11 borðum og síðustu tvö kvöld á 12. Ætli við náum að slá metið núna og spila á 13 borðum?

Og svo mun allur ágróði frá spilakvöldunum renna til styrktar Björgunarsveitarinnar Víkverja.



Fyrir hönd Kvenfélags Hvamnhrepps
Sigga Dóra og Lolla Sigga

Hestamannafélagið Kópur auglýsir:

Æskulýðsdagur Kóps

Föstudaginn 27. febrúar eftir skóla verður haldinn æskulýðsdagur á vegum æskulýðsnefndar hestamannafélagsins Kóps í félagsmiðstöðinni Klaustrinu.

Verður ýmislegt sér til gamans gert ma.

- sýnt verður gamalt video úr reiðskóla,
 - sýndar myndir úr reiðskóla,
 - fræðsla,
 - leikir
- og pizza.

Þeir sem ætla að mæta þurfa að skrá sig.

Þeir sem hafa áhuga vinsamlegast hafið samband við Kristínu Ásgeirsdóttur í mötuneytinu eða Kristínu Lár í síma 4874725 eða fljotar@simnet.is.

Vinsamlegast skráið ykkur sem fyrst til að hægt sé að skipuleggja.

Síðasti skráningardagur er miðvikudagurinn 25. febrúar.

Það væri gaman að sjá sem flesta.

Ókeypis fyrir krakka sem eru félagar í Kóp en 500.- fyrir þá sem eru ekki í félaginu.

Reiðnámskeið

Fyrirhugað er að halda reiðnámskeið 3 mánudagskvöld þeas. 2, 9 og 16. mars, hugsað fyrir þá sem eru eitthvað vanir og alla aldurshópa.

13. mars verður boðið upp á reiðnámskeið fyrir minna vana.

Námskeiðin verða að Syðri Fljótum. Reiðkennari verður Kristín Lárusdóttir.

Nánari upplýsingar og skráning hjá Kristín Lárusdóttir í síma 4874725.

Verið ófeimin við að hringja og fá upplýsingar.

Síðasti skráningardagur er 28. febrúar.

Hestamannafélagið mun niðurgreiða námskeiðsgjald fyrir börn, unglunga og ungmenni sem eru meðlimir í hestamannafélaginu.

Er ekki upplagt að mæta á reiðnámskeið til að undirbúa hestinn fyrir töltmót sem hestamannafélagið ætlar að standa fyrir 21. mars ?

21. mars stendur Hestamannafélagið Kópur fyrir vetrarleikum (óformleg töltkeppni) og firmakeppni 18. apríl. Nánar auglýst síðar.

Kv. Æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Kóps

Mínum á heimasíðu Kóps Hmf-kopur.bloggar.is

Samantekt vikuna 16. til 23. febrúar 2009

LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Alls voru 81 mál þessa vikuna á Hvolsvelli.

Í vikunni voru 14 teknir fyrir að aka of hratt í umdæminu Hvolsvöllur, en sá sem hraðast ók var á 125 km hraða. Þrjú umferðaróhöpp voru í vikunni. Ekið var á hross við Laugaland í Holtum og drapst hesturinn. Bifreiðin mun hafa skemmt töluvert og var óökufær á eftir. Ekki urði slys á fólki. Ekið var á húsvegg í Vík í Mýrdal en bensínjöf bifreiðar hafði bilað og staðið á sér með þessum afleiðingum.

Mjög alvarlegt vinnuslys varð í Kartöfluverksmiðjunni í Þykkvabæ á föstudaginn. Þar sprakk tankur með þeim afleiðingum að tvær konur sem voru þar við vinnu sína slösuðust mjög alvarlega. Þær voru fluttar með þyrlu á sjúkrahús í Reykjavík þar sem þeim er haldið sofandi í öndunarvél. Málið er til rannsóknar hjá lögreglu og vinnu-eftirliti.

Síðustu Þorrablót ársins voru haldin um s.l. helgi. Þau voru að Eyrarlandi, Heimalandi og Laugalandi. Það sem hefur einkennt Þorrablótin í ár í umdæmi okkar, er að þau hafa farið mjög vel fram en engin kæra hefur borist vegna líkamsárás. Þorrablótin hafa einnig verið mjög vel sótt í ár.

Aðili var tekinn um helgina grunaður um að hafa ekið bifreið sinni undir áhrifum fíkniefna og fundust lítillsháttar fíkniefni í fórum hans. Mál hans hlaut venjubundna afgreiðslu.

Jeppamenn voru í vandræðum að morgni laugardagsins, 10 km. frá Landmannalaugum og höfðu fest sig. Björgunarsveitin Dagrenning á Hvolsvelli fór þeim til aðstoðar en aðstæður voru þarna erfiðar. Viljum við biðja þá sem huga að fjallaferðum að gæta sín að leggja ekki í neina tvísýnu.

Nú lengist dagur og hækkar sól. Sumarið verður komið áður en við vitum af. Farið nú varlega í leik og starfi.

Kær kveðja,
tekið saman af, Guðmundi Inga Ingasyni,
varðstjóra, Kirkjubæjarklaustri.

Sl. laugardag var kaffi og koníak í boði í fjárhúsunum í Fagradal. Tílefnið var opnun á koníakstofu í fjárhúsunum og þorrablót á Eyrarlandi um kvöldið.

Á myndinni eru þau Ragna Jónsdóttir og Jónas Erlendsson húsbændur í Fagradal.



Síðasta blótið!


Sl. laugardag á þorraþrælum, var haldið síðasta þorrablótið í sýslunni þetta árið. Ekki voru veðurguðirnir nógu hliðhollir blótshöldurum og gestum, því beljandi vestan stormur var á með rigningu annað slagið. En eins og þeir vita sem þekkja til húsaskipunar á Eyrarlandi er vestanáttin ekki sú ákjósanlegasta svona þegar upp á innganginn. Það lygndi nú heldur þegar á leið. Að sögn gesta var blótið sérlega vel heppnað og mikið stuð á mannskapnum. Sumir vilja meina að Eyrarlandsblótin séu mestu stuðblótin í sýslunni. Seldir miðar voru 139, 4.500 stk. Hefðu menn nú einhverntíma talið í það flesta í húsið en nefndin sá leið til úrbóta og færði hlaðborðið fram á gang, við það rýmkaðist töluvert inni. Maturinn góður að sögn, frá Hótel Klaustri. Dagskráin góð samkvæmt venju og engir sárir eftir annálinn. Um músíkina sá hinn sívinsæli Magnús Kjartansson og dansað var af dúndurfjöri. Þar með ljúkum við smá annálsmótum úr V-Skaft. af þorrablótum 2009. Reyndar náði það síðasta nokkrar klukkustundir fram á Góuna. E. Myndir af þorrablótinu í næsta Víta

ÖSKUBALL OZ

Öskudag, 25. febrúar 2009 verður hið árlega
Öskuball OZ haldið í Leikskálum.


Dagskrá:

19:15 Húsið opnar
19:30 Dagskrá hefst
21:00 Dagskrá lýkur



Aðgangseyrir:
500 kr. án grímubúnings
300 kr. fyrir grímuklædda
Frítt fyrir 5 ára og yngri

*Sjáumst hress!
Sævar Kristjánsson
Íþróttafulltrúi*



Býð öikumanni þessum, sem spændi svona upp flugbrautina, um næst síðustu helgi í ókeypis flugferðflugferð. Reynir

Fréttatilkynning – frambjóðendur í póstkosningu framsóknarmanna í Suðurkjördæmi.

Það eru 13 sem bjóða sig fram í póstkosningu félagsmanna við val í 6 efstu sætin á lista Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi vegna alþingiskosninganna 25. apríl 2009. En frestur til að skila inn framboðum, rann út í gær, 20. febrúar.

Í hópnunum eru 7 konur og 6 karlar og er yngsti frambjóðandinn 18 ára og sá elsti er 65 ára.

Eftirtaldir gefa kost á sér:

1. sæti: Eygló Þóra Harðardóttir, alþingismaður, Sigurður Ingi Jóhannsson, dýralæknir
1. – 2. sæti: Birgir Þórarinnsson, sérfr. í alþj.samskiptum, Kristinn Rúnar Hartmannsson, myndlistamaður
1. – 3. sæti: Eysteinn Jónsson, bæjarfulltrúi
2. sæti: Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur og form. SUF
3. – 6. sæti: Inga Þyri Kjartansdóttir, verkefnastjóri
4. sæti: Guðni Ragnarsson, bóndi
5. – 6. sæti: Einar Freyr Elínarson, nemi, Ásthildur Ýr Gísladóttir, nemi og vaktstjóri, Bergrún Björnsdóttir, nemi
6. sæti: Hansína Ásta Björgvinsdóttir, kennari, Ingibjörg Júlía Þorbergsdóttir, viðskiptafræðingur

Kosið verður í póstkosningu allra flokksmanna í kjördæminu.

Kjörfundur hefst 24. febrúar og honum lýkur 4. mars.

Framboðslistinn í heild verður svo lagður fyrir aukakjördæmisþing 8. mars n.k. á Hótel Selfossi sem hefst kl. 13:00.

f.h. kjörstjórnar KSFS

Bergur Pálsson

Gsm 894-0491

Netfang: frami@simnet.is

Þóra Þórarinsdóttir, fyrrum ritstjóri, gefur kost á sér í forystusveit Samfylkingarinnar í Suðurlandshæð í komandi prófkjöri 7. mars og sækist eftir 2.-3ja sæti á listanum

Þóra Þórarinsdóttir fyrrverandi ritstjóri fréttablaðsins Gluggans á Suðurlandi hefur ákveðið að gefa kost á sér í 2.-3ja sæti á lista Samfylkingarinnar í Suðurlandshæð.

Í fréttatilkynningu frá Þóru segir:

Á Íslandi hafa verið umbrotatímar. Framundan er tími mikilvægrar uppbyggingar sem sinna þarf að af vandvirkni, krafti og auðmýkt. Fjölmargir einstaklingar víðs vegar að úr kjördæminu hafa að undanfögnu skorað á mig að bjóða fram krafta mína til þeirra verka og hef ég ákveðið að verða við þeirri áskorun.

Íslendingar gera kröfur um breytingar. Í ljósi undangenginna atburða eru það sanngjarnar kröfur. Mörg þeirra lífsgilda sem um langan tíma voru hér í heiðri höfð og lúta að samhug, jöfnuði og mannkærleika, viku um stund. Þeirra þarf að leita að nýju. Ég er þess fullviss að í sameiningu getum við endurvakið þessi gildi og breytt áherslum. Íslendingar verða að lagfæra það sem aflaga fór. Ég vil leggja mitt að mörkum til að ná fram breytingum og endurreisa íslenskar fjölskyldur, athafna- og efnahagslíf.

Ég hef um langt skeið verið óflokksbundin þó að lífsgildi mín hafi verið hverjum manni ljós.

Ég hef víðtæka þekkingu á íslenskum þjóðmálum enda hafa þau meira og minna verið starfssvettvangur minn umliðinn áratug.

Ég hef undanfarin 5 ár verið eigandi og ritstjóri fríblaðsins Gluggans, vikublaðs sem dreift var heim til allra Sunnlendinga. Það er nú hætt að koma út. Þar á undan var ég fréttaritari Ríkisútvarpsins á Suðurlandi í 5 ár og sá þá einnig um dagskrárgerð.

Að menntaskólanámi loknu lauk ég búfræðingsprófi frá Bændaskólanum á Hvanneyri. Því næst lauk ég BEd prófi frá Kennaraháskóla Íslands og starfaði við kennslu í unglingadeildum grunnskóla í ein 14 ár. Þá hef ég stundað nám í hagnýtri fjölmiðlun við Háskóla Íslands.

Ég er fædd og uppalin í Reykjavík en flutti ásamt eiginmanni og börnum á Suðurland árið 1992 og við búum á Selfossi.

Ég tel áriðandi að það fólk sem velst til starfa fyrir þjóðina hafi sem víðtækasta reynslu úr þjóðlífinu og skýra framtíðarsýn. Við þurfum að laða fram það besta í fari einstaklinga, mannlífs og þjóðar. Ég tel mig hafa reynslu sem nýtast mun Íslendingum og sækist því eftir 2.- 3ja sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar hinn 7. mars.

Þóra Þórarinsdóttir, Norðurbæ á Selfossi.



Betri byggð í Mýrdal

Boðar til íbúafundar að Ströndinni Víkurskála
í kvöld 25. feb. kl: 21:00.

Gestur fundarinn er Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri.

Nýir félagar boðnir velkomnir.

Stjórnin



Kynningarfundur með frambjóðendum til efstu sæta á lista Framsóknarflokksins í Suðurlandshæð vegna alþingiskosninga verður haldinn næstkomandi

**sunnudag 1. mars klukkan 16:00, fundarstaður
Ströndin Víkurskála, Vík.**

Vestur-Skaftfellingar eru hvattir til að mæta og kynna sér stefnumál frambjóðenda.

Framsóknarfélag Vestur- Skaftafellssýslu